

Matvælasjóður
04 431

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Starfsþáttayfirlit	7
Skýringar	8

Matvælasjóður
kt. 470621-0600
Skúlagata 4, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Samkvæmt lögum um Matvælasjóð er tilgangur hans að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Áhersla er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu um land allt. Sjóðnum er einnig heimilt að styðja við vöruþróun og markaðssókn á erlendum mörkuðum. Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn verkefni og rannsóknir einstaklinga og lögaðila. Markmið sjóðsins er að ná til verkefna á öllum stigum, allt frá hugmyndum til markaðssetningar og hagnýtra rannsókna.

Starfsemin fellur undir málefnavið 07 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 501,6 milljónir og afkoma kr. 77,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 447,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 868,0 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innlétt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnaviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar sem hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Matvælasjóðs fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	<u>501.600.000</u>	<u>514.900.000</u>
Tekjur samtals		501.600.000	514.900.000
Gjöld			
Tilfærslur	3	378.868.270	483.055.754
Laun og launatengd gjöld	4	0	906.532
Annar rekstrarkostnaður	5	<u>44.962.481</u>	<u>30.156.638</u>
Gjöld samtals		423.830.751	514.118.924
Afkoma fyrir fjármagnsliði		77.769.249	781.076
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármagnsgjöld		<u>(37.783)</u>	<u>0</u>
		(37.783)	0
Afkoma ársins		<u><u>77.731.466</u></u>	<u><u>781.076</u></u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur		(12.600.264)	536.830
Fjármagnstilfærslur		<u>90.331.730</u>	<u>244.246</u>
		<u>77.731.466</u>	<u>781.076</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Tengdir aðilar	6	868.027.597	792.819.773
Eignir samtals		<u>868.027.597</u>	<u>792.819.773</u>
Skuldir			
Aðrar skuldir	7	249.778.197	250.156.839
Tengdir aðilar	6	163.008.401	165.153.401
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda		8.000.000	8.000.000
Skuldir samtals		<u>420.786.598</u>	<u>423.310.240</u>
Eignir samtals að frádragnum skuldum samtals		447.240.999	369.509.533
Eigið fé			
Hrein eign		447.240.999	369.509.533
Eigið fé samtals	8	<u>447.240.999</u>	<u>369.509.533</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>868.027.597</u>	<u>792.819.773</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		77.731.466	781.076
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		<u>77.731.466</u>	<u>781.076</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Skammtímafröfur		0	10.550.000
Tengdir aðilar		(77.352.824)	169.563.887
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(378.642)</u>	<u>(180.894.963)</u>
		(77.731.466)	(781.076)
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjármagns- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025	32.400.000	469.200.000	8.000.000	509.600.000
Fjáraukalög	0	0	(8.000.000)	(8.000.000)
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	32.400.000	469.200.000	0	501.600.000
Fjárveiting ársins	32.400.000	469.200.000	0	501.600.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað)	45.446.871	324.062.662	8.000.000	377.509.533
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	77.846.871	793.262.662	8.000.000	879.109.533
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(45.000.264)	(378.868.270)	0	(423.868.534)
Staða fjárveitinga í lok árs 2025	32.846.607	414.394.392	8.000.000	455.240.999

Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2025	31.12.2024
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	8.000.000	8.000.000
	<u>8.000.000</u>	<u>8.000.000</u>

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2025, fjárveitingar, breytingar þeirra og stö

	Matvælasjóður	Matvælasjóður	Samtals	
	Viðfang Málefna svið - mála flokkur	110 0710	661 0710	2025
Tekjur				
Tekjufærsla fjárveitinga		32.400.000	469.200.000	501.600.000
Tekjur samtals		32.400.000	469.200.000	501.600.000
Gjöld				
Tilfærslur		0	378.868.270	378.868.270
Annar rekstrarkostnaður		44.962.481	0	44.962.481
Gjöld samtals		44.962.481	378.868.270	423.830.751
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(12.562.481)	90.331.730	77.769.249
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármagnsgjöld		(37.783)	0	(37.783)
		(37.783)	0	(37.783)
Söluhagnaður (-tap) og matsbreytingar eigna				
Afkoma (tap) fyrir hlutdeildartekjur		(12.600.264)	90.331.730	77.731.466
Afkoma ársins		(12.600.264)	90.331.730	77.731.466
Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum				
Rekstur		(12.600.264)	0	(12.600.264)
Fjármagnstilfærslur		0	90.331.730	90.331.730
		(12.600.264)	90.331.730	77.731.466
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:				
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum		32.400.000	469.200.000	501.600.000
Fjárveiting til tekna		32.400.000	469.200.000	501.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi		(45.000.264)	(378.868.270)	(423.868.534)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs		(12.600.264)	90.331.730	77.731.466
Staða fjárveitinga 2024 í lok þess árs		302.811.445	66.698.088	369.509.533
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum				
Rekstur		32.846.607	0	32.846.607
Fjármagnstilfærslur		257.364.574	157.029.818	414.394.392
		290.211.181	157.029.818	447.240.999
Fjárfestingar				
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum		0	8.000.000	8.000.000
Fjárveiting ársins skv. fjáráukalögum		0	(8.000.000)	(8.000.000)
Staða fjárfestingafjárveitingar		0	0	0
Staða fjárfestinga 2024 í lok þess árs		0	8.000.000	8.000.000
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2025		0	8.000.000	8.000.000

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Skýringar

Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfanga, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2025 2024

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Tekjufærsla fjárveitinga	501.600.000	514.900.000
	<u>501.600.000</u>	<u>514.900.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	32.400.000	0	469.200.000	501.600.000
Fjárveiting til tekna	32.400.000	0	469.200.000	501.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(45.000.264)	0	(378.868.270)	(423.868.534)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(12.600.264)	0	90.331.730	77.731.466

3 Tilfærslur

Fjármagnstilfærslur	378.868.270	483.055.754
	<u>378.868.270</u>	<u>483.055.754</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	0	763.844
Launatengd gjöld	0	142.688
	<u>0</u>	<u>906.532</u>

5 Annar rekstrarkostnaður

	2025	2024
Ferðir, uppihald	148.984	79.479
Akstur	0	16.081
Sérfræðipjónusta	27.068.357	13.541.941
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.734.960	1.509.348
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	28.952.301	15.146.849
Samningsbundin kaup og leiga	16.000.000	15.000.000
Afnotagjöld	10.180	9.789
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	16.010.180	15.009.789
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>44.962.481</u>	<u>30.156.638</u>
	31.12.2025	31.12.2024

6 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	835.077.597	772.319.773
Kröfur á tengda aðila	32.950.000	20.500.000
Skuldir við tengda aðila	(163.008.401)	(165.153.401)
	<u>705.019.196</u>	<u>627.666.372</u>

Skýringar

	31.12.2025	31.12.2024
7 Aðrar skuldir		
Viðskiptaskuldir	1.478.348	356.990
Ýmsar skuldir	247.887.083	249.387.083
Skammtímakröfur, endurfl	412.766	412.766
	<u>249.778.197</u>	<u>250.156.839</u>

8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2025	31.12.2024
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	369.509.533	368.728.457
Afkoma ársins	77.731.466	781.076
Jöfnuður 31.12.	<u>447.240.999</u>	<u>369.509.533</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.